

HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: Skógræktin
kt. 590269-3449

Starfsstöð: Hallormsstaður, 700 Egilsstaðir

Leyfið gildir frá 10. febrúar 2021 til 10. febrúar 2033

Um er að ræða starfsleyfi fyrir

- Seyrugryfju

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsál þessa leyfis er óheimilt. Skytt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

Lára Guðmundsdóttir
heilbrigðisfulltrúi



HAUST

Heilbrigðiseftirlit Austurlands

Starfsleyfisskilyrði

Heilbrigðisnefndar Austurlands

Starfsleyfishafi: Skógræktin, kt. 590269-3449

Starfsstöð: Hallormsstaður, 700 Egilsstaðir

Leyfið gildir frá 10. febrúar 2021 til 10. febrúar 2033

Um er að ræða starfsleyfi fyrir:

- **Seyrugryfju**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt neðangreindum lögum og á grunni umsóknar dags. 11. janúar 2021.

Lög sem um starfsemina gilda eru m.a.

- *Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.*

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda s.s.

- *Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit*

1. Lýsing á starfseminni og skilyrði sem gilda

Um er að ræða starfsleyfi fyrir seyrugryfju sem staðsett er í Hallormsstaðaskógi. Aðeins er um að ræða geymslustað fyrir seyru og er fyrirhugað að nýta seyru til skógræktar.

Aðeins þeir aðilar sem hafa gilt starfsleyfi til meðhöndlunar á seyru hafa heimild til að losa seyru í gryfjuna.

Krafa er um að umhverfis seyrugryfjuna sé fjárheld girðing og skal henni vel við haldið. Á svæðinu skal vera til staðar skilti sem gefur til kynna um hvaða starfsemi er að ræða.

Leyfishafi skal halda saman upplýsingum um magn seyru sem losað er í gryfjuna.

Tilkynna skal heilbrigðiseftirliti um nýtingu seyrunnar.

Um starfsemina gilda m.a.

- *Starfsleyfisskilyrði fyrir söfnun og flutning á sérstökum úrgangi og seyru.*

2. Starfsemi hætt

Verði rekstri hætt skal tilkynna Heilbrigðiseftirliti Austurlands skriflega með a.m.k. mánaðar fyrirvara. Fjarlægja skal seyru úr gryfju og skilja við svæðið þannig að sem minnst ummerki verði eftir starfsemina. Rekstraraðili ber að sjá til þess að úrgangi sé fargað á viðkenndan hátt.

3. Annað sem varðar starfsemina

3.1. Lóð og umhverfi

Umgengni um lóð og athafnasvæði skal vera góð og lóðamörk skulu virt. Ekki er heimilt að geyma óviðkomandi tæki, hluti eða vélar á lóðinni.

10. febrúar 2021
Virðingarfyllst,
f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

Lára Guðmundsdóttir
heilbrigðisfulltrúi

10. febrúar 2021

Skógræktin
Miðvangi 2-4
700 Egilsstaðir

Varðar útgáfu starfsleyfis fyrir seyrugryfju í Hallormsstað

Heilbrigðiseftirlit Austurlands hefur endurnýjað starfsleyfi Heilbrigðisnefndar Austurlands fyrir seyrugryfju í Hallormsstað skv. umsókn dags. 11. janúar 2021 og er starfsleyfið hér meðfylgjandi.

Flokkun starfseminnar, eftirlitstíðni og gjaldtaka samkvæmt gjaldskrá HAUST nr. 22/2020 m.s.br. er sem hér segir.

ÍSAT NR.	Heiti atvinnugreinar	Tíðni eftirlits	Árlegt eftirlitsgjald
37.20.0.3	Seyrugryfjur, endurvinnsla	0,5	18.225
Árlegt eftirlitsgjald			18.225 kr.

Starfsleyfisgjald er 19.400 kr. samkvæmt áður nefndri gjaldskrá HAUST. Reikningur í samræmi við það verður sendur á næstunni.

Ef aths. eða fyrirspurnir vakna vegna starfsleyfis, fylgigagna eða þessa bréfs, sem og ef fyrirtækið hefur ástæðu til að neyta andmælaréttar skv. stjórnslulögum 37/1993 skal það gert skriflega innan 14 daga frá dagsetningu þessa bréfs.

Virðingarfyllst,
f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

Lára Guðmundsdóttir
heilbrigðisfulltrúi